

Fundargerð 520

Föstudaginn 24. mars 2023 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í félagsheimilinu Fjarðarborg á Borgarfirði eystra. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), Gunnar Þorgeirsson (GP) (í fjarfundi), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH) og Sigurjón Þórðarson (SP) (í fjarfundi) (við dagskrárliði 4-10). Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Björgvin Ingi Ólafsson (BIÓ) frá Deloitte (við dagskrárlið 2), Elmar Þór Erlendsson (EPE) framkvæmdastjóri lánasviðs HMS (við dagskrárlið 5), Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar, Helga Harðardóttir (HH) löggiltur endurskoðandi KPMG (við dagskrárlið 6), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 8:10 og liggur eftirfarandi fundi fyrir fundinum;

1. Fundargerð fundar 519 - til afgreiðslu
2. Stefnumótun Byggðastofnunar - til kynningar
3. ICAAP skýrsla 2022 - til afgreiðslu
4. Byggðarannsóknasjóður styrkir - til afgreiðslu
5. Framboð íbúðarhúsnæðis í landsbyggðunum - til kynningar
6. Ársreikningur Byggðastofnunar 2022 - til afgreiðslu
 - a) Skýrslur innri og ytri endurskoðenda
 - b) Skýrsla endurskoðunarnefndar
7. Lána- og hlutafjármál
 - a) Fundagerðir lánanefndar - til kynningar
 - b) ...
 - c) ...
8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð fundar 519 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 519.

Formaður bar fundargerðina upp og var hún samþykkt samhljóða og verður hún send í rafræna undirritun.

2. Stefnumótun Byggðastofnunar - til kynningar

BIÓ kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið. Stjórn höfðu verið sendar spurningar vegna stefnumótunarvinnu stofnunarinnar og var farið yfir sýn stjórnar á stofnunina.

Allir stjórnarmenn tóku þátt og AME upplýsti svo um að vinnustofur með starfsfólki yrðu haldnar að nýju í byrjun apríl. Að þeim loknum kæmi tillaga að nýrri stefnu fyrir næsta stjórnarfund til afgreiðslu.

3. ICAAP skýrsla 2022 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur ICAAP skýrsla ársins 2022 sem HP kynnti.

Til máls tók ÓH.

Formaður bar ICAAP skýrslu ársins 2022 upp og var hún samþykkt samhljóða.

SP kom inn á fundinn.

4. Framboð íbúðarhúsnæðis í landsbyggðunum - til kynningar

EÐE kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti mælaborð HMS um íbúðir í byggingu og verkefnið Tryggð byggð sem er samstarfsvettvangur um húsnæðisuppbyggingu á landsbyggðinni.

Til máls tók SP, ÓH, GP og MaH.

5. Byggðarannsóknarsjóður styrkir - til afgreiðslu

Byggðarannsóknarsjóður hefur það að markmiði að veita styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna sem stuðlað geta að jákvæðri byggðapróun og bætt þekkingargrunn sem nýtist við stefnumótun, áætlanagerð og aðgerðir á sviði byggðamála. Stjórn Byggðarannsóknarsjóðs metur umsóknir og leggur fyrir stjórn Byggðastofnunar sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.

Auglýsing um styrki til byggðarannsókna var birt 24. janúar með umsóknarfrest til 1. mars. Alls bárust 27 umsóknir, samtals var sótt um 92 m.kr. Til úthlutunar eru 10 m.kr. á ári. Styrkirnir eru fjármagnaðir af fjárlagalið byggðaáætlunar, þaðan koma 7 m.kr. og 3 m.kr. með framlagi frá Byggðastofnun.

Á fundi stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs, þann 8. mars 2023 var ákveðið að leggja til að styrkja fimm rannsóknarverkefni um samtals 10 m.kr., sem skiptast á milli styrkþega samkvæmt neðangreindu:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkuppþæð
Hvernig er hægt að auka jákvæðan byggðabrag með aðferðafræði félags- og samfélagssálfræði? Rannsókn á félagslegri sjálfsmynd íbúa í íslenskum sveitarfélögum.	Háskólinn á Bifröst, Bjarki Þór Grönfeldt	2.500.000
Ábyrg eyjaferðaþjónusta - sjálfbær uppbygging ferðaþjónustu á eyjum á norðurslóðum	Ferðamáladeild Háskólans á Hólum, Ingibjörg Sigurðardóttir og Laufey Haraldsdóttir	2.500.000
Líðan og seigla íslenskra bænda	RHA - Rannsóknamiðstöð HA, Bára Elísabet Dagsdóttir	2.300.000
Félagsleg staða og ójöfnuður í heilsu	Háskóli Íslands, Sigrún Ólafsdóttir	1.300.000
Bolmagn íslenskra sveitarfélaga í skipulagsmálum	Háskóli Íslands, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir	1.400.000

Lagt er til að stjórn samþykki tillögu stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs um að styrkja fimm verkefni um samtals 10 m.kr. sem skiptast á milli styrkþega samkvæmt ofangreindri töflu. Eins er lagt til að stjórn samþykki að Byggðastofnun sendi erindi til innviðaráðuneytisins og óski eftir að framlag til Byggðarannsóknarsjóðs verði 20 m.kr. árið 2024, þar af verði 14 m.kr. fjármagnaðar af fjárlagalið byggðaáætlunar og 6 m.kr. með framlagi frá Byggðastofnun.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

6. Ársreikningur Byggðastofnunar 2022 - til afgreiðslu

HH kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

MH lagði til að afgreiðslu ársreiknings væri frestað til 30. mars nk. Þar sem vinnu við uppgjör væri ekki lokið. Óskað hefði verið eftir því við Reikningsskilaráð ríkisins að stofnunin fengi að gera upp miðað við lög um ársreikninga og að því erindi yrði svarað í næstu viku. Upplýsti hann um að stofnunin þyrfti að gera upp skv. svokallaðri IPSAS aðferð skv. lögum um opinber fjármál og næði ekki að innleiða staðalinn að fullu heldur nýtti sér frestunarheimildir ákveðinna liða. Fór hann síðan yfir rekstur stofnunarinnar á árinu 2022.

HH innri endurskoðandi Byggðastofnunar fjallaði um skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2022. Skoðaðir voru 56 liðir og komu ekki fram veikleikar í neinum þeirra.

Til máls tóku MBJ, ÓH og AME.

HH vék af fundi

7. Lána og hlutafjármál

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir lánaákvæðanir lánanefndar frá áramótum.

7a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 8/23-12/23 sem HP kynnti.

...

7b. ...

...

7c. ...

...

8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

SEP sagði frá stöðu verkefna á starfsáætlun. AME sagði frá niðurstöðu könnunar um stofnun ársins þar sem Byggðastofnun lenti í 12 sæti.

Landsstólpinn

SEP upplýsti að matsnefnd hefði ákveðið að veita hjónunum Elínu S. Sigurðardóttur og Jóhannesi Torfasyni Landsstólpann 2023.

9. Önnur mál

HKH spurði út í sameiningu dómstóla, ræddi sérhæfingu lögfræðinga sem SEP og SÁ svöruðu.

10. Næsti fundur

Næsti fundur verður 30. mars. 2023 kl. 9:00 og næsti fundur þar á eftir á Húsavík 27. apríl

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12:05

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Sigurjón Þórðarson